

## RE: Búðafossvegur - Endurheimt votlendis

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>;Hólmfríður Bjarnadóttir - VG <holmfridur.bjarnadottir@vegagerdin.is>

Frá : Anna Rut Arnardóttir <anna.rut.arnardottir@efla.is>

CC : Einar Már Magnússon - VG <einar.m.magnusson@vegagerdin.is>;Ingibjörg Guðmundsdóttir - VG <ingibjorg.gudmundsdottir@vegagerdin.is>

Heiti : RE: Búðafossvegur - Endurheimt votlendis

Málsnúmer : 202511052

Málsaðili : Vegagerðin - Hafnarfirði

Skráð dags : 27.01.2026 11:02:16

Höfundur : Anna Rut Arnardóttir <anna.rut.arnardottir@efla.is>

Viðhengi : [image003.jpg](#)

[image002.png](#)

Sæll Sigurður

Sjá eftirfarandi:

Á bls. 145 er liður I3 í loftlagsáætlun stjórnvalda: [Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum - Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að](#)

[stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030](#)

•

Hér er jafnframt uppfærsla á áætluninni þar sem vísað er til liðar I3:

<https://samradapi.island.is/api/Documents/128148b4-8f2c-ef11-9bc3-005056bcce7e>

•

Á bls 7 er sett fram markmið um endurheimt viskerfa: [Li'ffræðileg fjölbreytni – Stefna og markmið til ársins 2030-](#)

[digital.pdf](#)

•

@Hólmfríður, bið þig að leiðréttingar mig ef ég er að vísa í vitlaust skjöl.

Bestu kveðjur,

Anna Rut

**ANNA ARNARDÓTTIR**

**Samfélag**

Umhverfisverkfræðingur

M.Sc.

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS

**Sent:** mánudagur, 26. janúar 2026 16:03

**To:** Anna Rut Arnardóttir

**Subject:** Búðafossvegur - Endurheimt votlendis

Góðan dag

Í svörum við umsögn Náttúruverndarstofnunar, nr. 8.2, segir m.a:

„Vegagerðin hefur unnið að endurheimt votlendis víðs vegar um land til að bæta fyrir tap og röskun á votlendi

vegna vegaförkvæmda. Unnið er að nýju verklagi við endurheimt votlendis, sbr. lið I3 í

loftlagsáætlun stjórnvalda

og stefnu íslenskra stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030.“

Hvar finnum við lið I3 í loftlagsáætlun stjórnvalda og stefnu íslenskra stjórnvalda um líffræðilega

fjölbreytni til

ársins 2030?

kveðja,

Sigurður Ásbjörnsson

---

**Sigurður Ásbjörnsson**

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

## Stofnupplýsingar

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS ;Hólmfríður Bjarnadóttir - VG

Frá : Anna Rut Arnardóttir

CC : Einar Már Magnússon - VG ;Ingibjörg Guðmundsdóttir - VG

Heiti : RE: Búðafossvegur - Endurheimt votlendis 🍷

Málsnúmer : 202511052

Málsaðili : Vegagerðin - Hafnarfirði

Skráð dags : 28.1.2026 11:10:09

Höfundur : Anna Rut Arnardóttir

## Viðhengi

Sæll Sigurður

Hér er vísað til nýs verklags sem er í gangi innan Vegagerðarinnar. Eftirfarandi er nánari lýsing frá Vg á þessari vinnu:

*Vinnan er leidd af deild umhverfis og sjálfbærni, sem ber ábyrgð á mótun og innleiðingu verklagsins. Skipaður hefur verið verkefnisstjóri fyrir þessa vinnu, sem vinnur að endurheimt votlendis í Gufudalssveit og byggir verklagið á þeirri reynslu.*

*Verkefnið felst ekki í innleiðingu nýrra reiknireglna heldur í að móta samræmt og skýrt verklag sem verður hluti af innri ferlum Vegagerðarinnar. Starf Vegagerðarinnar við endurheimt votlendis hefur verið fremur verkefnamiðað, en markmið þessarar vinnu er að innleiða nýja nálgun sem byggir á að taka rask votlendis og endurheimt með kerfisbundnum hætti inn í hönnun, framkvæmdarfasa og eftirfylgni framkvæmda. Þessi vinna mun m.a. gefa betri yfirsýn yfir rask votlendis, forgangsöröðun svæða og innleiðing vöktunar.*

*Fyrir liggur jafnframt ósk um samráð við Land og skóg, sem mun gegna ráðgefandi hlutverki við mótun verklagsins og næstu skref, en stýring og ábyrgð liggur hjá Vegagerðinni sjálfri. Ástæðan fyrir því að ekki er fjallað ítarlega um þetta í fyrirliggjandi skýrslum er sú að vinnan er að hefjast og mótun verklagsins hófst eftir að skýrslurnar voru unnar.*

Velti því fyrir mér hvort að við ættum að senda þér uppfærð svör með þessari viðbót, þannig að þetta sé skýrt?

Eins getum við stillt þessu upp sem formlegra svari í minnisblaði.

Bestu kveðjur,

Anna Rut



Anna Rut Arnardóttir

Samfélag

Umhverfisverkfræðingur M.Sc.

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS

**Sent:** þriðjudagur, 27. janúar 2026 15:22

**To:** Anna Rut Arnardóttir ; Hólmfríður Bjarnadóttir - VG

**Cc:** Einar Már Magnússon - VG ; Ingibjörg Guðmundsdóttir - VG

**Subject:** RE: Búðafossvegur - Endurheimt votlendis

Takk fyrir þetta

En hver er að vinna að nýju verklagi við endurheimt votlendis og hvað felst í því?

Nýjar reiknireglur eða hvað? Hverju á að breyta og hver stýrir því? Ég finn ekkert um það í þessum skýrslum.

kveðja,

---

**Sigurður Ásbjörnsson**

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



Skipulagsstofnun

## Stofnupplýsingar

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS

Frá : Anna Rut Arnardóttir

CC : Einar Már Magnússon - VG ;Ingibjörg Guðmundsdóttir - VG ;Páll Bjarnason ;Hólmfríður Bjarnadóttir - VG

Heiti : RE: Efnismál Búðafossvegar 🍌

Málsnúmer : 202511052

Málsaðili : Vegagerðin - Hafnarfirði

Skráð dags : 29.1.2026 11:32:41

Höfundur : Anna Rut Arnardóttir

Sæll aftur

Ástæðan fyrir þessu ósamræmi á milli efnisparfar og -öflunar er að mér ljáðist að tilgreina efni sem þarf í varnargarða og vinnufyllingar í Þjórsá (samtals 30.674 m<sup>3</sup>) og klæðningu vegar (1.985 m<sup>3</sup>), sjá töflu að neðan.

Efni í varnargarða og vinnufyllingar verður fengið úr Búðanámu og frárennslisskurði, en leitast verður við að endurnýta það efni í fyllingar í vegi þegar þess verður ekki lengur þörf í ánni.

Ekki liggur fyrir hvaðan efni í klæðingu verður fengið. Efnisgæðin úr þeim námum sem fyrirhugað er að nota eru ekki nægjanlega góð fyrir klæðingarefni svo líklega verður verktaki fenginn til þess að útvega það efni úr námu með nægjanlega góðum efnisgæðum og gildu starfsleyfi.

**TAFLA 3** Efnistökuáætlun vegna framkvæmda við Búðafossvæg.

Námur	Fylling m <sup>3</sup>	Styrktarlag m <sup>3</sup>	Burðarlag (0-45 mm) m <sup>3</sup>	Burðarlag (0-22 mm) m <sup>3</sup>	Klæðnin g m <sup>3</sup>	Rofvörn m <sup>3</sup>	Síulag m <sup>3</sup>	Fláa-fylling m <sup>3</sup>	Samtals m <sup>3</sup>
Frárennslisskurður	132.302	40.026	17.079	19.400	-	2.690	1.210	-	212.707
Búðanáma	52.000	-	-	-	-	-	-	-	52.000
Eyrar vestan Hagaeyjar	8.000	-	-	-	-	-	-	-	8.000
Klapparholt (náma)		-	-	-	-	7.750	3.600	-	11.350
Varnargarðar og vinnufyllingar vestan ár-endurnýting (70%)	15.869	-	-	-	-	735	-	-	16.604
Varnargarðar og vinnufyllingar austan ár-endurnýting (70%)	13.475	-	-	-	-	595	-	-	14.070
Klæðningarnáma	-	-	-	-	1.985	-	-	-	1.985
Skeringar	-	-	-	-	-	-	-	32.850	32.850
Samtals	221.646	40.026	17.079	19.400	1.985	11.770	4.810	32.850	349.566
Efnisþörf	221.646	40.026	17.079	19.400	1.985	11.770	4.810	32.850	349.566

Bestu kveðjur,

Anna Rut



Anna Rut Arnardóttir

Samfélag Umhverfisverkfræðingur M.Sc.

**From:** Anna Rut Arnardóttir  
**Sent:** fimmtudagur, 29. janúar 2026 09:35  
**To:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS ; Hólmfríður Bjarnadóttir - VG  
**Cc:** Einar Már Magnússon - VG ; Ingibjörg Guðmundsdóttir - VG  
**Subject:** RE: Efnismál Búðafossvegur

Sæll Sigurður

Við könnum þetta.

Bestu kveðjur,

Anna Rut



**Anna Rut Arnardóttir**

Samfélag

Umhverfisverkfræðingur M.Sc.

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS <[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)>  
**Sent:** fimmtudagur, 29. janúar 2026 08:10  
**To:** Anna Rut Arnardóttir <[anna.rut.arnardottir@efla.is](mailto:anna.rut.arnardottir@efla.is)>; Hólmfríður Bjarnadóttir - VG <[holmfridur.bjarnadottir@vegagerdin.is](mailto:holmfridur.bjarnadottir@vegagerdin.is)>  
**Cc:** Einar Már Magnússon - VG <[einar.m.magnusson@vegagerdin.is](mailto:einar.m.magnusson@vegagerdin.is)>; Ingibjörg Guðmundsdóttir - VG <[ingibjorg.gudmundsdottir@vegagerdin.is](mailto:ingibjorg.gudmundsdottir@vegagerdin.is)>  
**Subject:** Efnismál Búðafossvegur

Góðan dag

Vinna Skipulagsstofnunar er á lokametrinum og lýkur vonandi fyrir helgi. En þegar ég fer yfir þær tölur sem þið setjið fram um efnisþörf og efnisöflun þá ganga þær ekki upp.

Áætluð efnisþörf	350.000
Úr frárennisskurði	212.707
Búðanáma	52.000
Syðra-Langholt	11.350
Skeringar	32.850
Náma við Þverá	8.000
<b>Samtals</b>	<b>316.907</b>

Það virðist vanta u.þ.b. 33.000 m<sup>3</sup> til að jafnvægi sé á milli efnisþarfar og -öflunar.

Vinsamlega skýrið málið!

Virðingarfyllt,

Sigurður Ásbjörnsson

---

**Sigurður Ásbjörnsson**

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



Skipulagsstofnun